

Bogi Kristinsson Magnusen,
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Dalabyggðar, Reykhóla-, Kaldrananes- og Árneshrepps
Miðbraut 11
370 BÚÐARDALUR

Garðabær, 04. janúar 2019

2018110024/42-0

TB

jgo/tb

Tillaga að deiliskipulagi vegna Hvalárvirkjunar

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá skipulags- og byggingarfulltrúa Árneshrepps, dags. 14. nóvember 2018. Óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögur að deiliskipulagi sem tekur til afmörkunartímabundinnar lóðar og byggingarreits fyrir starfsmannabúðir og vinnusvæði og afmörkunar og umfangs efnistökusvæða og vegaframkvæmda innan svæðisins og tengingu þeirra við þjóðveg. Beðist er velvirðingar á því hve erindinu er svarað seint en óskað var eftir fresti sem var veittur.

Eins og kemur fram í greinargerð og umhverfisskýrslu með framangreindri tillögu þá er Hvalárvirkjun í nýtingarflokki samkvæmt 2. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar, rammaáætlunar. Einnig er lokið við mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar. Eins og Árneshreppi er kunnugt um hefur Náttúrufræðistofnun lagt fram tillögur að vernd svæða á Íslandi, B-hluti náttúrumínjaskrár, í samræmi við hlutverk stofnunarinnar samkvæmt 13. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, sjá <https://ni.is/midlun/natturuminjaskra>. Eitt af þeim svæðum sem stofnunin leggur til að njóti verndar er Drangajökull og svæði út frá honum en forsendur fyrir verndartillögumni byggja fyrst og fremst á vernd jarðminja og víðernis, sjá <https://ni.is/node/21668>. Framangreindar tillögur Náttúrufræðistofnunar til ráðherra eiga eftir að fara í formlegt ferli í samræmi við 36. grein fyrrgreindra laga. Eins og málið er statt núna er ekki hægt að segja hvort ákveðið skipulag og/eða starfsemi, í þessu tilfelli Hvalárvirkjun, falli að verndartillögu eða ekki eða hvort tillagan nái fram að ganga. Nái tillagan fram að ganga á einnig eftir að fjalla um umfang verndar og skilamála sem varða verndina og þá um leið hvaða starfsemi falli að henni. Náttúrufræðistofnun vill leggja áherslu á að á þessu stigi er um faglegt alit stofnunarinnar að ræða sem eftir á vinna úr í samræmi við lög um náttúruvernd sem breytir þó ekki aliti stofnunarinnar á verndargildi svæðisins. Þar til niðurstaða liggar fyrir telur Náttúrufræðistofnun að öllum framkvæmdum og raski á náttúrfari Drangajökulssvæðisins eigi að halda í lágmarki.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem Náttúrufræðistofnun hefur þá hefur ekki verið sótt um virkjunarleyfi fyrir Hvalárvirkjun og byggja því allar framkvæmdir og rannsóknir eingöngu á útgefnu rannsóknaleyfi. Deiliskipulagstillagan sem hér er til umfjöllunar tekur m.a. til vegaframkvæmda frá Hvalárósum upp á Ófeigsfjarðarheiði, samtals um 25 km, ásamt



vinnubúðum við Hvalá. Einnig gerir tillagan grein fyrir nýjum efnistökusvæðum vegna vegaframkvæmda en efnisþörfin kemur ekki fram. Eins og fram kemur í deiliskipulagstillögu, og sem jarðfræðingar hafa bent á, þá eru laus jarðlög af skornum skammti á framkvæmdasvæðinu.

Framangreindar framkvæmdir munu að mati Náttúrufræðistofnunar valda óafturkræfu raski og skerðingu á einu af stærri víðernum landsins. Það er því óabyrgt og óásættanlegt út frá verndarsjónarmiðum að heimila þær framkvæmdir sem hér um ræðir ef virkjunarleyfi liggur ekki fyrir. Í 7. gr. rannsóknaleyfis, Skyldur leyfishafa, vegna Hvalárvirkjunar segir: „Við rannsóknir samkvæmt leyfi þessu skal leyfishafi gæta þess að framkvæmdir valdi hvorki mönnum, munum né búpeningi hættu eða skaða. Jafnframt skal leyfishafi gæta þess að valda ekki mengun og spjöllum á lífríki að óþörfu. Þá skal leyfishafi forðast eins og kostur er að skerða heildarsýn náttúruminja og náttúrufars á svæðinu, sbr. ákvæði 8. gr. leyfisins." Í 8. gr. rannsóknaleyfisins, Vernd og frágangur starfsstöðva og svæðis, segir m.a. auk tilvísunar í lög um náttúruvernd: „.....Leyfishafi skal taka tillit til umhverfissjónarmiða við rannsóknir og framkvæmdir sem og við frágang að þeim loknum. Leyfishafi skal fjarlægja á sinn kostnað öll mannvirki og skilja við svæðið, svo sem kostur er, í sama ásigkomulagi og fyrir framkvæmdir. Þá skal leyfishafi standa þannig að framkvæmdum að þær hafi sem minnst rask í för með sér og skerði ekki verndargildi svæðisins og að gætt verði að sjónrænum áhrifum við framkvæmdir." (Feitletrað Náttúrufræðistofnun).

Þær framkvæmdir sem gert er ráð fyrir að fara í samkvæmt deiliskipulagstillöggunni eru það umfangsmiklar að það er mat Náttúrufræðistofnunar að ekki sé hægt að uppfylla þau skilyrði sem koma fram í 7. og 8. gr. rannsóknaleyfisins verði ekki af virkjunarframkvæmdum en þar vísar Náttúrufræðistofnum m.a. til þess að skila á svæðinu í sama ásigkomulagi og fyrir framkvæmdir. Einnig virðist ekki leitað leiða til að framkvæma þær rannsóknir sem eftir eru með þeim hætti að þær hafi sem minnst rask í för með sér og skerði ekki verndargildi svæðisins. Vegaframkvæmdir upp á 25 km, með öllu tilheyrandi, geta ekki talist uppfylla þetta skilyrði þ.e. að leita leiða sem skerði ekki verndargildi svæðisins.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að þrátt fyrir að Hvalárvirkjun sé í nýtingarflokki samkvæmt rammaáætlun og að mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram þá eru þær framkvæmdir og tillaga að deiliskipulagi sem hér er óskað eftir að staðfesta vegna rannsókna það umfangsmikið að það sé ekki í samræmi við útgefið rannsóknaleyfi og rannsóknirnar eigi því að framkvæma með öðrum hætti en lagt er til. Það er því mat Náttúrufræðistofnunar að þær framkvæmdir sem lagt er til að fara í vegna rannsókna, samkvæmt deiliskipulagi, séu það umfangsmiklar að þær eigi eingöngu að heimila ef og þegar virkjunarleyfi liggur fyrir.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson
forstöðum. vistfræði- og ráðgjafardeildar

